

Fyrir Framsóknarflokk:

Puríður Bernóðusdóttir.
Unnur Stefánsdóttir.

Fyrir Sjálfstæðisflokk:

Drífa Hjartardóttir.
Arndís Jónsdóttir.
Arnar Sigurmundsson.

Þetta birtist hér með samkvæmt 116. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80. 16. október 1987.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. maí 1991.

14. júní 1991

Nr. 282

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að:

1. Prenging verði sett á Sóleyjargötu austan Njarðargötu og stöðvunarskylda á Njarðargötu (sunnan gatnamóta) við Sóleyjargötu.
2. Stöðvunarskylda verði sett á Hólsveg við Langholtsveg.

Ákvörðun þessi tekur gildi 17. júlí 1991.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 14. júní 1991.

Böðvar Bragason.

18. júní 1991

Nr. 283

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að biðskylda yrði við Hvassaleiti á eftirfarandi þvergötum:

1. botnlangi fyrir hús nr. 101–151 við Hvassaleiti.
2. botnlangi fyrir hús nr. 61– 99 við Hvassaleiti.
3. botnlangi fyrir hús nr. 24– 30 við Hvassaleiti.

Ákvörðun þessi tekur gildi 24. júlí 1991.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 18. júní 1991.

Böðvar Bragason.